

Nd. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi: Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd sildveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á sildveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr sildveiðideildinni og herpinótaskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að sildveiði hafi enn brugðizt í sumar, þá sé alger vá fyrir dyrum, ef sildarútsvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrests, og að eðlilegt sé, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að sildveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að taka lán hjá almennu fiskideildinni, með ábyrgð ríkissjóðs, til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þykir rétt, að togarar, sem gerðir hafa verið út á sildveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi: Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd sildveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á sildveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr sildveiðideildinni og herpinótaskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. september 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.